

Nd. 671. Frumvarp til laga [306. mál]

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bind:skyldu innlánsstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé má ekki hækka fram til 31. desember 1981 frá því sem það var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkanir umfram brýnustu nauðsyn. Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið

í verðlagsmálum sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur hverju sinni tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirmælum rétttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógæti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum.

Ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann taka og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

3. gr.

Í 1. gr. B laga nr. 77 23. des. 1980 um vörugjald komi 17% í stað 30% frá 1. maí 1981. Fyrir tímabilið 1. mars til 30. apríl 1981 skal fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Við innheimtu vörugjalds af innfluttum vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 svo og sérstakra laga, sem gilda um einstaka útgjaldaliði, er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 milljón króna.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri hindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögnum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um s.l. áramót lagði ríkisstjórnin fram áætlun um efnahagsmál. Með hliðsjón af þeim aðgerðum, sem þá voru ákveðnar, er lagafrumvarp þetta lagt hér fram.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að í frambaldi af þeirri fjögurra mánaða verðstöðvun, sem ákveðin var um s.l. áramót, verði gætt ýtrasta aðhalds í verðlagsmálum. Þá er enn fremur lagt til, að vörugjald á gosdrykki og öl verði lækkað og að heimild verði veitt til að hækka hindiskyldu innlánsstofnana.

Fyrstu tvær greinar frumvarpsins lúta að verðlagsmálum. Í fyrri greininni felst sú aðalregla, að á tímabilinu 30. apríl 1981 til 31. desember 1981 skuli ekki leyfa neinar verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn. Að öðru leyti skal miða verðákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið, sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Ríkisstjórnin setur þannig fram ákveðna stefnuviðmiðun fyrir almennar verðlagsbreytingar, en einstakar verðákvarðanir geta vikið þar frá, ef nauðsyn krefur. Miðað er við, að verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn verði ekki leyfðar, en í óhjákvæmilegum tilfellum verði unnt að leyfa meiri hækkanir, enda verði heildarútkoman innan við hin settu mörk.

Í 1. gr. kemur einnig fram, að leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur á hverjum tíma tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Ef hins vegar samþykkt verðlagsyfirvalda er umfram sett verðlagsmarkmið tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Í 2. gr. er lagt til, að ef aðili eða samtök aðila fara ekki að fyrir mælum rétttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögðann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrir mælunum. Þessari grein er ætlað að styrkja verðlagseftirlitið.

Þessar tvær fyrstu greinar frumvarpsins eru í samræmi við það ákvæði í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá síðustu áramótum, að sett yrðu tímasett mörk fyrir verðhækkanir. Ennfremur er stuðlað að virkara verðlagseftirliti og framkvæmdin auðvelduð. Aðrir liðir efnahagsáætlunarinnar varðandi verðlagsmál eru í undirbúningi, m. a. breytingar á álagningarreglum og greiðslufrestur á tollum.

Í 3. gr. er kveðið svo á, að vörugjald á gosdrykki og öl lækki úr 30% í 17% frá 1. maí 1981, en fyrir næstu tvo mánuði á undan, tímabilið 1. mars til 30. apríl, verði fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð, sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Í 4. gr. er ríkisstjórninni veitt heimild til að lækka ríkisútgjöld um allt að 31 milljón króna, og er hér um nýja heimild að ræða, sem er óháð heimildum fjárlaga.

Í 5. gr. er lagt til að Seðlabankanum verði veitt tímabundin heimild til að hækka bindiskyldu innlánsstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Í 31. gr. laga nr. 13/1979 eru ákvæði um, að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem að hámarki má nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun. Þessi heimild er nú að fullu nýtt og svo hefur verið um allnokkurt skeið.

Á undanförunum mánuðum hefur útlánageta bankakerfisins vaxið ört, einkum vegna aukinnar sparifjármyndunar. Ef þessi þróun kynni að leiða til útlánaþenslu gæti það stefnt markmiðum ríkisstjórnarinnar í verðlags- og efnahagsmálum í hættu. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa skjótvirk og öflug stjórn tæki í peningamálum fyrir hendi til að hafa áhrif á peningamyndun og útlánaþróun bankakerfisins. Með sveigjanlegri innlánsbindingu er beiting peningamála til viðnáms gegn verðbólgu auðvelduð og gerð áhrifameiri.

Þó meginhlutverk sveigjanlegrar innlánsbindingar sé að hafa áhrif á útlánaþróun og stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, telur ríkisstjórnin að hluta af aukinni innlánsbindingu eigi að nota til að færa hlutdeild iðnfyrirtækja í rekstrar- og afurðalánum Seðlabankans til samræmis við hliðstæð lán annarra atvinnuvega.